

*SKÓGARVÖRDURINN Á HALLOMSSTAD.*

**STARFSSKÝRSLA 1990**

**PÓR ÞORFINNSSON**

## STARFSSKÝRSLA SKÓGRÆKTAR RIKISINS HALLORMSSTAD.

### 1. VEDURFAR ÁRSINS.

Um áramótin hætti Páll Guttormsson veðuratugunum eftir margra áratuga starf. Er af honum mikil eftirsjá. Ekki hefur tekist að finna annan í hans stað. Mikil áhersla er lögð á að veðuratuganir fari af stað að nýu. Rætt er um að setja upp sjálvirka stöð.

### **2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÀGRODURS.**

#### **2.1. Vöxtur.**

Mikill og góður vöxtur var í flestum tegundum, bæði í lerki og grenitegundum.

#### **2.3. FRÆFALL.**

Fræmyndun var lítil sém engin á birki þetta árið. Safnað var könglum af eftirtöldum tegundum. I Mörkinni : Elri 4 kg, Lindifura 118 kg, Broddfura. Safnað var af Rauðgreni 18 kg, innan við Króklæk neðan við þjóðveg, Sveigfuru innan við Kerlingará, Sitkagreni 35 kg í Lýsishóll frá 60', og loks Síb. lerki 25 kg neðan við Stórhólinn. Allt fræ var sent á Mögilsá til meðhöndlunnar.

#### **2.4. SKADAR.**

##### **2.4.1. FROST.**

Ekki bar á neinum frostskemdum í ár.

##### **2.4.2. SKORDÝR.**

Ekkert bar á sitkalús í skóginum fyrrípart ársins. I byrjun nóvember fannst sitkalús í blágreninu í Lýsishóllnum (r 402-11) og var mikið af henni. Lítur reiturinn mjög illa út í lok ársins. Einnig fannst lús í blágreninu neðan við Sjónarhólinn, þó ekki í miklum mæli. Vart var við lúsina á Neskaupstað og í reit skógræktarfélags Djúpavogs. Köngulingurinn heldur áfram að breiða sig út um skógin. Kemur þetta sérstaklega fram þegar velja á jólatré.

### **3. STARFSFOLK.**

Alls voru 51 á launaskrá hjá skógrækt ríkisins á Hallormsstað 1990. Þar af má telja 10 manns sem voru hjá Héraðsskóum, en voru á launaskrá hjá skógræktinni á Hallormsstað fram í febrúar, þá kláraðist sérfjárveitingin frá fyrra ári. 1 janúar tók Jón Loftsson við starfi skógræktarstjóra, eftir 12 starf sem skógarvörður. Við skógarvarastarfinau tók Þór Þorfinnsson. Skúli Björnsson tók til starfa á vordögum, eftir nokkra ára fjarveru. Skúli er ráðinn sem verkstjóri í skógi. Um áramótin var Rúnar Ísleifsson ráðin sem Umdæmisfulltrúi á Austurlandi, hann mun hafa aðsetur á aðalskrifstofu.

### **4. GIRDINGAR.**

#### **4.1. VIÐHALD.**

##### **a) Skógargirðing á Hallormsstað.**

Farið var með girðingunni dagana 15-27 júní. Hengja þurfti girðinguna upp á kafla á þverbjarginu til bráðabirgða, að öðru leiti þurfti lítið að gera við hana.

Dagana 17-27 júlí var farið í að endurgirða 500 m. kafla á þverbjarginu. Gekk verkið vel en mikill tími fór í milliferðir kvölds og morgna.

##### **c) Eiðagirðing.**

Farið var með girðingunni 28 júní og þurfti sama og ekkert að laga hana.

##### **d) Múlastekksgirðing.**

Eyþór í Birkihlið tók að sér viðhald á girðingunni, og að hans sögn var ekki mikið viðhald á henni.

I haust var kvartað undan gömlu girðingunni uppi á Múlanum, vegna þess að búpeningur Borgarstjórans hafði festst í girðingardræsunum. Farið var í að rífa upp gömlu girðinguna sem hætt var að nota þegar núverandi girðing var girt. Teknir voru upp kaflarnir; uppi á há Múlanum, niður hrygginn að utanverðu og niður hlíðina að framan verðu. Gekk verkið nokkuð vel þrátt fyrir leiðinda veður, kulda, snjókomu og hvassviðri.

e) Hálgirðing.

Það voru einungis brotnir 2 staurar í girðingunni og hengja þurfti hana upp á 3 stöðum og teljum við þetta vera frábæra útkomu miðað við mjög slæmar aðstæður.

Stór rafstöð tengd samveiturafmagni var keypt í félagi við Búnaðarsamband Austurlands. Stöðin var líka tengd girðingu sem Búnaðarsambandið lét girða á landamerkjum Hafursár og Freyshóla annarsvegar og Vaðs hinsvegar. Þessi girðing er til komin vegna fjárstofns sem fluttur var í Freyshóla vegna riðuniðurskurðar á Tilraunabúinu á Skriðuklaustri.

f) Jórvíkurgirðing.

Farið var með girðingunni dagana 25 og 26 júní og kom hún mjög vel undan vetri.

#### 4.2. NYJAR GIRÐINGAR.

Engar nýjar girðingar voru girtar á árinu í löndum skógræktarinnar á Hallormsstað. Akveðið var í sambandi við veiðistjóra, að girða lítil rafgirðingarhólf til að kanna hvort rafgirðing varnaði hreindýraskemdu. Skógræktin sá um að girða tvö 1 ha hólf í Hafursárlandi (4 strengja) og tveggja strengja á Strönd. Héraðsskógar girtu hólf í Miðhúsaseli, Þórarinslundi og á Vínlandi í Fellabæ.

#### 5. SKOGARHÖGG.

##### 5.1. VIDUR.

Dagana 3 til 18 janúar var lokið við að draga út viðinn sem Héraðsskógamenn höfðu grisjað í Lýsishól. Dagana 22 janúar til 13 febrúar var klárað að grisja lerki reitum 195-1,3.

Grisjað birki í reit 402-2,3 Ormstaðamýri.

Grisjað birki í reit 700-3 Innan Kerlingarár

Grisjað birki í reit 400-3 Ormsstaðir

Grisjað birki í reit 500-4 Ofan Þurshöfðavíkur

Feldur skermur yfir blágreni í reit 700-2

Dagana 22-23 ágúst var grisjaður skermur yfir þintilraun í reit 413-4.

Lauffelling í ágúst.

Lauffellt birki í reit 721-1,2,3,4, skermur felldur að mestu.

Lauffellt birki í reit 719-4,5,7,8,9,10,14,15, að mestu.

Lauffellt birki í reit 717-8, að mestu.

Lauffellt birki í reit 409-7, allt.

Lauffellt birki í reit 406-3,5

Byrjað að afkvista lauffellingu í nóvember uppi í Stórhól en vegna anna í öðrum verkum og manneklu var ekki hægt að klára og bíður þetta fram yfir áramót.

#### 5.1.1. Sala girðingastaura árið 1990.

<u>Gerð staura.</u>	<u>Fjöldi seldra staura.</u>
B II fúavarðir .....	363 stk
B III fúavarðir .....	243 stk
Skurðbakkastaurar .....	40 stk
Styttur .....	176 stk
Aflstaurar .....	8 stk
Trjástoðir ófúavarðar .....	1500 stk

#### 5.1.2. Sala á viði 1990.

Arinviður .....	6.473 pokar
Spænir .....	18 pokar
Efniviður birki birkt .....	3.500 dm <sup>3</sup>
Efniviður birki óbirkt .....	3.479 dm <sup>3</sup>
Efniviður lerki óbirkt .....	1.148 dm <sup>3</sup>
Lúpínufræ .....	33 kg

## 5.2. JÓLATRÉ.

Jólatrén voru merkt að þessu sinni í nóvember. Stóru trén voru feld í byrjun desember, og minni trén um miðjan. Stóra tréð við kaupfélagið var að þessu sinni tekið úr garði á Egilsstöðum. Hæstu trén voru um 11 m og fóru á Eskifjörð og Neskaupstað.

Í byrjun desember fóru 3 menn í Jórvík og komu með 50 blágreni og 20 rauðgreni. Blágrenið var mjög fallegt, en ekki er um stóra blágreninámu að ræða í Jórvík vegna skemmda undan snjó.

Þann 10 desember var byrjað að fella litlu trén og var farið í alla reiti sem nokkur von var að ná úr. Sama og ekkert var fellt af fjallapin, því hann er vaxinn frá jólatrjáamarkaðinum. Í staðinn var keyptur til endursölu normannspínur af Landgræðslusjóði. Það var geysileg aukning í eftirspurn á blágreni og gengum við eins nærri reitunum og mögulegt var. Minkun var á sölu stafafuru, trúlega vegna þess að á síðasta ári var eftirspurnin það mikil að slaka varð talsvert á gæðakröfunum til anna eftirspurn. Kóngulingurinn gerði okkur nokkuð erfitt fyrir með rauðgrenið, en salan á því fer minkandi ár frá ári.

Ekkert var selt út fyrir fjórðunginn að heita mátti og megum við kallast góðir að geta mettað markaðinn hér.

Dreifingin gekk mjög vel, enda frábært tíðarfari til þess arna fyrir jólin.


Sala jólatrjáa frá Hallormsstað 1990.

### Stærðarflokkar.

### Trjátegundir.

	Rauðgreni.	Blágreni.	Stafafura.	Fjallapinur.	Alls
1.	33	8	4	2	47
2.	95	86	8	6	195
3.	116	96	17	1	229
4.	49	67	31	1	148
5.	19	20	5	1	45
6.	17	7	1	2	27
7.	12			2	14
8.	21	1			21
9.	10				10
10.	7				7
11.	2	1			3
12.					
13.	1				1
14.	2				2
15.					
16.	1				2
Alls:	385	286	66	15	752

## Sala jólatrjáa 1989 og 1990 Hallormsstað.



## 6. GROÐRARSTÖÐ.

### 6.1. FRÆÐPLÖNTUR.

Sáning hófst um miðjan maí og var þá sáð furu og greni í hús II (deje-dúk hús). Hluta stafafurunnar var sáð í 95 gata bakka til prufu. Í lok maí og byrjun júní var síðan unnið að lerkisáningu. Einnig var sáð síðsumars; birki 27/6 og blágreni 2/8. Birki var sáð í 60 gata bakka og er það í fyrsta sinn. Astæða þess að svo seint var sáð, var að þegar prikklað var lerkí úr smábökkum (sjá síðar), þá losnaði pláss í húsi II sem var þá nýtt. Sáning tókst vel, nema hvað prósenta tómra gata varð hærri en æskilegt getur talist (sjá töflu 1). Astæður þessa má líkast til rekja að miklu leyti til sáningaraðferðar og áræðanleika þess tækis sem notað er til sáningar. Einnig má vera að aðstæður við spírun spili þar inní. Allavegana er ljóst að breytingar þarf að gera á sáningu í ljósi þessarar reynslu.

Þær plöntur sem sáð var til um vorið, döfnuðu vel um sumarið og verða líklega allar afhendingarhæfar vor-haust 1991 nema e.t.v. hvítgreni og blágreni. Plöntur af eldri árgögum komu mjög vel undan vetri. Snjóhula var mjög góð og auk þess var hluti plantnanna undir hvítu plasti og hefur það reynst mjög vel, allavegana fyrir sígrænu tegundirnar. Afföll urðu því mjög lítil. Stafafuran sem sáð var vorið áður (1989) var í raun afhendingarhæf um vorið, en ekki hafði verið gert ráð fyrir því. Meiri hluti hennar varð því látin vaxa annað sumarið í gróðrastöðinni og varð því miður of stór. Miglu varð vart um mitt sumar og varð nokkuð vandamál þar sem plöntur stóðu þétt og þá einkum í stafafurunni frá 1989 og í þinsáningunni frá 1989. Mun minna var sveppaúðað en árið áður. Reynslan af því leiddi í ljós að ekki er þörf á að úða fyrir en plönturnar hafa vaxið saman. Þó verður líklega úðað áfram við svartrót þegar sáð er.

### 6.2. DREIFSETNING.

Dreifsett var á þrennskonar hátt í ár. Í mars var dreifplantað þin í 35 gata fjölpotta. Um var að ræða Fjallapin (skagway-tutshi-88002) sem sáð var 1988 og tekinn upp haustið 1989. Litlar plöntur, sem þóttu óhæfar til venjulegrar dreifsetningar úti var dreifplantað í bakka. Notaður var prikkupinni til að gera gat fyrir plönturnar. Prikklað var í 449 bakka. Þessi tilraun lukkaðist ekki nógu vel, afköst urðu ekki nógu mikil og afföll of mikil. Eftirfarandi væri hægt að gera til að bæta árangurinn: Í fyrsta lagi að vökva bakkana áður en prikklað er í þá til að auðvelda holugerð og tryggja að ræturnar komist strax í góðan raka. Í öðru lagi að breiða yfir plönturnar eftir prikklin t.d. með agryl dúk til að koma í veg fyrir úþornun.

Dreifsett var á hefðbundinn máta með brettum 5-18/6. Dreifsetningin tókst vel. Eitthvað vandamál virtist þó vera í upphafi, þar sem talsverð afföll urðu í fyrstu færunni. Einnig virtist sem stífar hefði mátt flokka minnstu plönturnar úr. Hvað varðar teg, kvæmi og magn, sjá töflu 2.

I þriðja lagi var dreifsett lerki úr smápottum (5 cm<sup>3</sup> göt) í 95 gata bakka. Það sem ýtti okkur úti að prófa þetta var áróður frá Noregi en Ketil Kohman fyrrverandi ráðunautur Norskra skógarplöntuframleiðanda hafði talað mjög jákvætt um þessi mál. Einnig var okkur tjáð, að þetta hefði verið prófað í Rognan planteskole í N-Noregi með góðum árangri. Akveðið var að prófa þetta í einhverju mæli en á daginn kom að ýmis ljón voru í veginum.

Notaðir voru 336 gata bakkar frá vefi sem voru keyptir í gegn um Sölufélag garðyrkjumanna. Þessir bakkar voru notaðir þar sem K. Koh. hafði mælt með þeim og þeir höfðu verið notaðir á Rognan. Til að sá í þessa bakka var keypt sáningavél frá Englandi, sem kostaði hingað komin 435 þúsund kr. með vsk. Átlunin var að sá einu fræi í gat í Fp-95 og fylla síðan upp með plöntum úr smábökkunum. Með þessu átti að sparast fræ, sparast vinna við grisjun og plássið átti að nýtast mun betur, þar sem planta var í hverju hólfi. I endan af maí var sáð í 700 bakka, en upphaflega var áætlað að sá í 800 bakka. Reiknað var með að fá út úr því 50% nýtingu, eða 117600 plöntur. Sáð var einu fræi í gat í 2775 95 gata bakka og var reiknað með sömu spírun þar og hefði það þýtt 131812 tóm göt. Notað var Östeg kvæmi - 890031 - og var uppgefin spírun 54%. Raunin varð sú, að í litlu bökkunum komu upp plöntur í 29% gatanna en í 45% gatanna í Fp-95. Sáð var með ryksugunni í Fp-95 og náttúrulega var sáningin það ónákvæm, að bakkana þurfti að grisja. Fljótlega kom það einnig í ljós að plönturnar í smábökkunum þroskuðust ekki eðlilega. Þær uxu mun hægar en hinrar og ræturnar skiptu sér lítið, heldur óx ein rót niður að botni og hringaði sig þar upp. Byrjað var að prikkla 26/7. Astæðan fyrir því að svo seint var farið að stað var til að sjá hvort köggilarnir þéttu sig ekki. Losað var um þá með nagla, gert gat með prikklinna í Fp-95 og köggullinn síðan settur í.

Eftir á er ljóst að gerð voru mikil mistök með að fara út í þetta í svo stórum stíl. Þegar búið var að prikkla öllu voru eftir 1456 Fp-95 sem ekkert var bætt í vegna plöntuskorts. Um haustið höfðu ræturnar ekki brotist nógu vel út úr fyrri kögли, þannig að ekki var hægt að ná heilum kögли upp. Fyrir utan þessa afmyndun rótarinnar var köggullinn mjög péttur í FP-95 eftir prikklunina, því torfið hafði þjappast óhóflega þegar hola var gerð fyrir smáköggulinn. Þetta hefur e.t.v. gert það að verkum að rótin á erfiðara með að brjótast út úr fyrra horfi, einnig er erfiðara að ná hnausnum upp.

Sem betur fer kenndi þessi dýrkeypta reynsla okkur ýmislegt. Eftirfarandi ályktanir verða gerðar hér:

1. Smábakkarnir verða að vera opnir niður - engin fyrirstaða má vera sem getur ollið því að rótin hringi sig upp.
2. Smábakkarnir verða að vera ræktaðir á grind eða öðru sem heldur þeim frá jörðu.
3. Ekki borgar sig að bæði sá og prikkla í sama bakkann. Alltaf mun verða misþroski milli beinsáðra plantna og prikklaðra.
4. Það er ekki æskilegt að prikkla í svona lítið rúmmál þ.e. 50 cm<sup>3</sup> göt eins og í Fp-95.
5. Hvað varðar lið 3 og 4 þá gæti annað átt við ef prikklað er berrótarplöntum, t.d. um það bil þegar plönturnar fella fræhettuna.

6. Hvað varðar ræktun i 50 cm<sup>3</sup> götum þá er mun æskilegra að fá betra fræ og betri sáningarárvél. Aftur á móti kæmi þetta vel til greina þegar ræktað er í 100-150 cm<sup>3</sup>. Þá mætti t.d. sá í smábakka inn í gróðurhúsi, prikkla og rækta síðan áfram úti. Pannig sparaðist mikill kostnaður við gróðurhúsanotkun.

Hvað varðar áframhald með smápottaræktun er næst á dagskrá að finna nothæfa bakka.

#### 6.3. GARDPLÖNTUR.

Garðplönturæktunin ber þess nú mjög merki að verið er að leggja hana niður. Á árinu var engum græðlingum stungið, engu sáð og engu dreifsett. Einungis var lögð vinna í umönnun og sölu.

Salan og undirbúningur hennar gekk eðlilega fyrir sig. Laufré höfðu verið tekin upp um haustið og flýtti það nokkuð fyrir. Eftir víðiupptökuna kom í ljós að geysileg afföll höfðu orðið frá stungu til upptöku. Þetta er reyndar ekki nýtt vandamál en í fyrra var þetta enn alvarlegra. Getum má að leiða, að parna valdi of þétt stunga og þreyttur jarðvegur. Salan var í dræmara lagi, t.d. var engin stórsala til Reykjavíkur. Sú nýbreytni var gerð, að halda útsölu í lok júní. Einn Laugardag var gefinn afsláttur og þá einkum af tegundum sem miklar byrgðir voru til af. Losnuðum við parna við talsvert af plöntum sem annars hefði þurft að gefa eða henda.

Um haustið voru tekin upp laufré til afhendingar 1991. Ljóst er að það vor verður það síðasta sem garðplöntusala getur orðið með eðlilegum hætti á Hallormsstað því úrvalið verður mjög lítið að því loknu.

#### 6.4. AFHENDING SKÓGARPLANTNA.

Skógarplöntur til afhendingar voru almennt í mjög góðu ástandi. Sú stefna var einnig tekin að gera stífar kröfur til söluhæftra plantna pannig að eingöngu voru seldar hraustlegar plöntur með þéttum rótarhnaus.

Þetta var fyrsta vorið sem afhent var til Héraðsskóga, en þangað voru afhentar 175.788 lerkiplöntur. Það var þó heldur minna en áætlað var. Plöntuskortur var tilfinnanlegur og voru helstu tegundir fljótlega uppseldar. Nokkuð var afhent utan fjórðungsins og gekk sú afhending betur en oft áður og kom þar tvennt til. Annars vegar vorum við svo heppin að geta nýtt flutningabilinn sem gekk um landið á vegum "átaksins" og svo voru nú í fyrsta skipti afhentar plöntur pakkaðar inní trékassa sem gerði það að verkum að mun auðveldara var að flytja þær plöntur. Hvað varðar þessar innþökkuðu plöntur, þá voru þær geymdar á kæli um veturinn, en þær voru flokkaðar og þeim pakkað haustið áður. Þær virtust í mjög góðu ástandi við afhendingu og eftir því sem kannad var, fóru þær vel af stað eftir gróðursetningu. Helsti gallinn við að afhenda plönturnar í þessu formi er sá, að ekki er hægt að geyma þær nema stutt eftir að búið er að taka þær út af kæli.

Gerð var tilraun til að smita lerki með svepprót og fleiri örverum með því að vökva yfir bakkana vatnsblandaðri mold frá gömlum lerkitrjám. Starfsmenn Héraðsskóga höfðu allan veg og

vanda að framkvæmdinni. Þó ekki hafi verið fylgst vísindalega með þessari tilraun þykir okkur líklegt að hér sé um að ræða spor í rétta átt og verður þessu haldið áfram.

Um haustið var lögð nokkur vinna í undirbúning fyrir afhendingu næsta árs. Öllum tveggja ára og þriggja ára plöntum var pakkað eins og í fyrra og einnig var pétt í þeim bökkum sem í var birki, stafafura og þinur og smá hluti af lerkinu var einnig pétt. Þinsáningin í báruplasthúsini var tekin upp, flokkuð og sett í kæli og verða þær plöntur dreifsettar næsta vor.

#### 6.5. NÝFRAMKVÆMDIR.

Ohætt er að segja að miklar framkvæmdir hafi verið í gróðrastöðinni í ár. Gróðurhús I var lengt úr 40 m í 100 metra og var stækkunin tekin í notkun í byrjun júní. Bogarnir voru beygðir af Stál á Seyðisfirði en önnur vinna var öll unnin af starfsmönnum skógræktarinnar. Styrkingu boganna var nokkuð breytt frá því sem áður var, því hitt þótti of mikil vinna. Ný gerð styrkingar var hönnuð af Sveini Jónssyni. Að ðóru leyti var útlit viðbyggingarinnar svipað og gamla hlutans. Yfirmsmiður og hugsuður var Sigurður Eiríksson.

Um haustið var síðan byrjað að huga að stækkun húss II, dejehússins. Byrjað var að keyra í grunninn í september, en hann hafði sigið nokkuð frá því árið áður. Nokkrar breytingar verða gerðar á húsinu við stækkunina. Akveðið var að kaupa nýjan plastdúk á allt húsið og hafa þann dúk eingöngu á yfir sumarið, og verður keyptur sérsvniðin dúkur til þess. Sigurður Jakopsson hjá Verkfræðistofu Suðurlands gerði tillögu að grind og verður henni nokkurn vegin fylgt. Hún gerir ekki ráð fyrir að þurfi langbönd til styrkingar og verða þau því tekin af gamla hlutanum. Stál á Seyðisfirði beygði fyrir okkur bogana en í þetta sinn var það mjög illa gert og fór talsverð vinna í að laga þá. Ekki var byrjað fyrr en eftir áramót að setja upp grindina og breyta gamla hlutanum og fer því ekki meiri sögum af byggingu þessari að sinni.

Hafist var handa við að stækka planið milli húsana um haustið. Ýtan sem skógræktin á kom hér við á leið sinni suður á land og ýtti massa utan við efra planið niður fyrir og slétti úr honum neðan við gamla planið milli húsanna. Siðar um haustið var síðan keyrt sandi á hlut plansins svo hægt yrði að nota það yfir veturinn. Það efni sem keyrt var ofaná var mun finna en efnið sem var áður efsta lag. Þetta var gert til að fá betri snertingu milli bakka og yfirborðs. Í næstu stórrigningu kom svo í ljós að vatn stóð uppi sumstaðar á planinu. Svo virtist sem ekki hafi verið vandað nógum vel til við gerð vatnshalla á planinu og einnig reyndist sandlagið vera of fint, þannig að vatnið sat í því. Gerður var skurður frá miðju plani og áleiðis niðureftir og hann fylltur af grjóti. Í næsta vatnsveðri varð þó ljóst að þetta dugar ekki til og verður að koma til frekari lagfæring til að koma í vég fyrir að vatn standi uppi.

Um vorið var lokið við stífluna sem smiðuð var í fyrra. Því miður reyndist ekki unnt að koma henni í gagnið fyrir mestu leysingar, svo ekki er ljóst hvort það hafi tekist að ná þeim árangri sem til var ætlast, þ.e. að hreinsa vatnið áður en það færi inni vökvunarkerfið í stöðinni.

## 8 HIRDING PLANTNA.

### Kjarrhreinsun:

Gert var verulegt átak í kjarrhreinsun í sumar og var unnið við þetta með hléum 2 júlí til 17 ágúst. Hreinsaðir voru um það bil 12,5 hektarar. Við urðum að fá lánaðar kjarrsagir hjá Héraðskógunum, því okkar vélar eru orðnar gamlar og preyttar.

### Svæði sem hreinsuð voru:

Hólar 2/7-11/7.

R-508-13, og hluti af 12  
R-505-5,  
R-505-2,  
R-504-1,  
R-508-5,6,  
R-508-8,9,18,20,21,

Stafafura / lerki.  
Lerki f. ofan veg.  
Rauðgreni undir raflínu.  
Rauðgreni undir raflínu.  
Rauðgreni.  
Blágreni / broddgreni.

Vörðuhraun 12/7-27/7.

R-713-13,9,7,3, og 2 að mestu. Ýmsar tegundir.

Stórhóll og Sjónarhóll 13/8-15/8.

R-721-1,2,3,  
R-717-8,

Döglingsv./hvítgr./blágr./broddgr.  
Blágreni.

Flatiskógar 14/8-17/8.

R-406-7,

R-409-3,7, og hálfur 8

Rauðgreni.

Stafafura/hvítgreni.

Mikið átak var gert i að klippa tvítoppa og snyrta lerki gróðursetningar. Þetta var eitt af verkefnum vegna aukafjárveitingar fyrir skólafólk. Farið var yfir allar lerki gróðursetningar frá Freyshóla afleggjara, ofan þjóðvegar og inn að Hafursárgili.

### Farið var yfir þessa reiti:

R-202-4,5,	R-207-1,2,3,4	R-211-1,2	R-219-2,4,5,6
R-203-1,	R-208-2	R-212-1	
R-204-3,	R-209-1	R-216-1,2,3	
R-205-1	R-210-1	R-218-1,2,3,4	

## 9. BYGGINGAR.

### 9.1. VIDHALD.

#### a) Hallormsstaðabærinn.

Ekkert viðhald var á Hallormsstaðabænum þetta árið.

#### b) Skemma.

Ekkert viðhald var á skemmunni í ár. Eftir er að ganga endanlega frá rennunum.

Keypt var og sett upp reyksuga á verkstæðið til að sjúga burt rafsuðureyk, þetta var gert vegna tilmæla frá Vinnueftirliti ríkisins. Allt annað og betra loft er á verkstæðinu þegar mikið er unnið við rafsuðu.

I janúar eyðilagðist kælipressa fyrir plöntufrysti og var keypt ný í snatri, því mikið var í húfi þ.e. þúsundir plantna í frystinum. Jafnframt var skift um báða rafmótoraðana fyrir pressurnar, þeir voru úr sér gengnir.

#### c) Markarhús.

Lokið var við að mála þakið. Nauðsynlega þyrfti að skifta um á þakinu og einangra það, því asbestplötturnar sem á því eru hanga saman á málningunni, en húsið míglekur ef rignir.

Skálkaskjólið þyrfti endilega að fá einhverja andlitslyftingu, svo sem nýtt á gólfíð, skápa og einhverjar málningarslettur. Mjög brýnt er að skifta um þak á húsinu, plötturnar eru sem götóttur ostur.

#### d) Akurgerði.

Ekkert meiriháttar viðhald var á Akurgerði á árinu. Nauðsynlegt er að huga að gluggunum í húsinu.

#### e) Skrifstofubygging.

Ekkert var gert fyrir húsið á árinu, en það þarf að mála framhliðina næsta sumar.

#### f) Þurrkklefi.

Þurrkklefinn var máladur að utan.

### 9.2. Nývirki.

Engar framkvæmdir voru við nýjar byggingar á árinu.

## 10 VELAR OG VERKFÆRI.

U-3357:

Stærsta einstaka verkið við bílinn var endurnýjun á skjólbordum, þau gömlu voru orðin svo léleg að þau héldu ekki sandi og var þetta bráðnauðsynleg framkvæmd. Skift var um spindla, pakkdósir og öxullegur að framan. Framfjöldur brotnaði og var hún soðin saman aftur og dugir enn. Í vor var farið í að þetta leka á krananum á ýmsum stöðum, því Baldur bílstjóri stóð í eilifu glussabaði.

Annars var um vénjubundið viðhald á þessum gamla og preytta bíl.

U-1905:

Öxlarnir hafa verið til friðs þetta árið. Skift var um nokkra hjöruliði í drifrás vegna slits. Keypt voru ný dekk og felgur undir bílinn, settir á hann bretta kantar, nýjar framhjólalegur, nýjar spindillegur, nýjar pakkdósir í öll hjól. Endurnýjaðir stýrishjöruliðir, smíðuð ný togstöng og skift um nafstúta sem voru teknir úr gamalli hásingu sem keypt var í fyrra.

U3829:

Ýmsar smábilanir hafa hrjáð vagninn, en ekkert stórt bilaði á árinu, enda hefur verið gert feyki mikið við hann undanfarin ár. Ekkert er á hann að treysta lengur og því bráðnauðsynlegt að skifta honum út hið allra fyrsta.

Skift var um fjaðrafóðringar vegna skoðunar, réttar beglur á afturhlutanum og lagaðar flestar hurðarlæsingar.

Traktorar:

Það brotnaði vinstri framhurð á Deutz aftur. Sigurður meistari tók sig til og smíðaði ramma úr járni og setti á hann plexigler og vonumst við til að þetta dugi frekar en glerið sem hentar greinilega ekki í hurðir á skógartraktor og þar fyrir utan er rándýr. Einnig var rétt og styrkt þritengi að framan.

Hitt og þetta smálegt viðhald var á Ford-5000 vegna skoðunar.

Sama er að segja um M.F.-203. A Grána gamla voru keypt nýjir hjólbardar að frama. A gamla góða Farmal Cub varð að smíða veltigrind að kröfu Vinnueftirlitsins, en einnig voru keyptir nýjir hjólbardar undir hann að framan.

Önnur tæki:

Vinnueftirlitið krafðist að lagaður yrði snúningurinn á gröfunni og var það gert í undirgefni. Þá smiðaði Sigurður nýjan tjakka í hana og nýja stöng í annan. Einnig var skóflan styrkt.

Sigurður smiðaði lyftigaffal á þritengi og tvær bakkagrindur til að flytja fjölpotta og tekur hvor um sig 90 bakka.

## 11. FRAMKVÆMDIR I FLJOTSDAL.

Nú hafa Héraðsskógar tekið alfarið við umsjón með Fljótstalsáætlun. Þannig að ekkert var um framkvæmdir á vegum skógræktarinnar að þessu sinni, farið var með með girðingunni í Viðival Lagerði. Um haustið var skógarvörður ásamt Umdæmisfulltrúa að skoða gróðursetningar í girðingunni, þar hefur gæsin valdið tölverðum skemmdum á lerkinu. Höfðu hvorugur séð slikt áður.

## 12. YMISLEGT.

### 12.1. FERÐALÖG, FUNDARHÖLD OG GESTIR SKOGRÆKTARINNAR.

26. Jan. Starfsmannafundur á Egilsstöðum, fundarmenn skoða skógin og aðstöðuna.
4. Mars. Round Tabel á Egilsstöðum skoða Mörkina.
18. maí. Sænskir blaðamenn, ásamt tveim rússneskum landbúnaðarsérfræðingum skoða skógin.
27. maí. Bandaríski sendiherran og frú, ásamt Sigurði Símonarssyni bæjarstjóra skoða Mörkina og Guttorpslund.
29. maí. 20 manna hópur skógræktarmanna frá Austuríki var hér einn dag og skoðuðu aðstæður.
11. júní Hópur kennara skoðaði Mörkina.
16. júní. 70 manna hópur frá Foreningen skogsindustrien í Stokkhólmi var í skóginum eina dagstund.
5. júlí. Samnorðen nefnd um trjásafn hélt ársfund sinn á Hallormsstað.
12. júlí. Sigurður Blöndal ásamt gömlum skólafélaga frá Así, Ole Jerven of frú voru hér dagstund og skoðuðu skógin.
20. júlí Forstöðumaður rannsóknarstövarinnar í skógrækt. Frá Nancy í Frakklandi var her einn dag og skoðaði

Mörkina og skóginn ( sérfræðingur í svepprót).

31. ágúst. Aðalfundur skógræktarfélags Íslands haldin á Flúðum.

1. sept. Ritstjórn Skandinavian Journal of Forest research, ásamt Þorberg H Jónssyni voru hér einn dag.
5. nóv. Starfsmannafundur á Illaugastöðum í Fnjóskadal.
23. nóv. Katrín fór ásamt karli sínum og Helga Gíslassyni til Svíþjóðar, til að kynna sér það sem hæst bert á lofti í ræktun skógarplantna.

## 12.2 FERDAFOLK.

Aðsókn að tjaldstæðum í Atlavík var töluverð að vanda. Þó var aðsókn minni en í fyrra, trúlega vegna betra veðurfars sunnanlands og á hálandinu.

Töluvert átak var gert í Atlavíkinni í sumar. Allar merkingar og afmörkun svæða var betrumbætt. Afmarkað var bílastæði á stóru flötinni til að losna við bíla við tjöldin. Lækurinn inná stóru flötina var brúaður og ýmislegt annað betrumbætt. Mikið má gera í áföngum á tjaldsvæðinu til bóta. Hugsanlega væri hægt að fjölgja tjaldsvæðum ofan við pallin.

Snyrtiaðstaðan er vart orðin bjóðandi ferðafólki, miðað við önnur tjaldsvæði á landinu.

Ekki var um neitt samkomuhald um verslunarmannahelgina. Björgunarsveitin Gró var með veitingasölu og gæslu á svæðinu.

Fjöldi gistinótta 1989 og 1990.

	1989.	1990.
Júní.	447	557
Júlí.	5020	3836
Agúst.	<u>1497</u>	<u>1320</u>
Alls:	6964	5713

### 12.3. ANNAD

Tilraunir með rótarskóga:

Aburðartilraunin sem lögð var út 1988 í Rauðholti, var skorin og viktuð. Allar raðirnar voru skornar niður. Viðirinn var fluttur í Hallormsstað og viktaður þar. Niðurstöður voru sendar á Mógilsá til frekari úrvinnslu.

Samkvæmt plani átti að skera afbrigðatilraunirnar á Kórekstöðum og í Rauðholti, sem skornar voru síðast 1988. Því var frestað til næsta árs.

Elritilraun á Austurlandi.

Elritilraunir sem lagðar voru út 1989 viðsvegar um fjórunginn, voru mældar í haust.

Þórarinn Ben ásamt skógarverði fóru um svæðið og mælt var lifiprósentu og hæð. Svæðin eru allflest á gömlum áraurum og litu plöntur mjög vel út.

Lúpínusáning á Hallormsstað.

I byrjun júlí var sáð lúpínufræi á flest alla mela innan og ofan við Klifárbrú, þar sem ekki var lúpína fyrir. Sáð var í mela ofan við Sjögrastaði. I þetta fóru um 20 kg.

## GROÐRASTÖÐ - TÖFLUR

### 1. SANING SKOGARPLANTNA 1990.

TEGUND	KVÆMI	NÚMER	GRÖMM	GERD	FJÖLDI	TÓM	GÜT
Birki	Hafursá	890030	115	FP-60	197	27%	
Blágreni*	Carson	890003	385	FP-35	1072	20%	
Hvitgreni	Anchorage	862174	100	FP-35	342	21%	
Sitkabast.	Kenai	880004	110	FP-35	342	39%	
Sitkagreni	Seward	880003	105	FP-35	342	20%	
Lindifura	Mörk	890040	5000	FP-35	190	**	
Stafafura	Taraldsøy	900004	25	FP-35	167	50%	
Stafafura	Bennet Lake	900003	125	FP-95	154	27%	
Fjallapinur	Skagway-Tuts	890023	149	FP-35	75	**	
Rússalerki	Östeg	890031	5200	FP-95	2775	58%	
Rússalerki	Östeg***	890031		FP-336	800	72%	
Rússalerki	Imatra	900006	9700	FP-95	4530	30%	

\* Hluta (386 bökkum) var sáð 17. maí en hinu (690 b.) 2. ágúst  
 \*\* Haustsáð - 20. nóvember.

\*\*\* Þessum hluta Östeg fræsins var sáð í smápotta - sjá kaflann um dreifsetningu.

### 2. DREIFSETNING SKOGARPLANTNA 1990.

TEGUND	KVÆMI	NÚMER	ADFERD	MAGN	SAD	ATH
Fjallapinur	Skagway-T	880002	Bretti	3090	1988	
Lindifura	Punkaharju	880017	"	1890	1988	Stór
Lindifura	"	"	"	5520	1988	Lítill
Lindifura	Irkutskaja	872191	"	1380	1987	Stór
Lindifura	"	"	"	1140	1987	Lítill
Fjallapinur	Skagway-T	880002	Berrót>FP35	15715	1988	
Rússalerki	Östeg	890031	FP-336>FP-95	72500	1990	

### 3. AFHENDING SKOGARPLANTNA 1990

TEGUND	KVÆMI	NÚMER	ALDUR	FJÖLDI	BAKKAGERD	Verð/st*
Birki	Mörk-Hall	842149	1/0	7631	fp-35	31 kr
Blágreni	Purden Mtn.	870009	2/0	11510	fp-35	36 kr
Sitkabast.	Kenai	880004	2/0	8199	fp-35	36 kr
Sitkagreni	Seward	870003	2/0	11127	fp-35	36 kr
Bergfura	Haut Conf.	870013	3/0	2124	fp-35	31 kr
Bergfura	Haut Conf.	870013	2/0	14616	fp-35	31 kr
Stafafura	Tutshi	870005	3/0	1080**	fp-35	31 kr
Stafafura	San Isob.	842168	3/0	2331***	fp-35	31 kr
Stafafura	Laberge	862178	2/0	11275	fp-35	31 kr
Stafafura	Taraldsøy	890001	1/0	2706	fp-35	26 kr
Rússalerki	Imatra	890028	1/0	40903****	fp-95	18 kr
Rússalerki	Imatra	890028	1/0	45931	fp-60	18 kr
Rússalerki	C-lán	890015	1/0	59128	fp-95	18 kr
Rússalerki	Östeg	890014	1/0	114032	fp-95	18 kr
		Alls:		332593		

\* Verð án vsk.

\*\* Haust 1989 voru ekki til nema 100 pl af þessu kvæmi, því er nær öruggt að hér hafi verið gerð vitleysa og að megnið af plöntunum sem voru seldar sem Tutshi séu í raun Laberge.

\*\*\* Það sama gildir hér og áður. 1989 voru til 1080 plöntur af þessu kvæmi.

\*\*\*\* Aftur er hér vitlaus skráning. Haust 1989 eru 20000 plöntur áætlaðar til afhendingar. Rúmur helmingur af plöntunum sem eru skráðar sem Imatra eru því Östeg og/eða C-lán.

### 4. SKOGARPLÖNTUR TIL AFHENDINGAR 1991.

TEGUND	KVÆMI	NÚMER	ALDUR	FJÖLDI	ATHUGAS.
Birki.	Hafursá	890030	1/0	8000	FP-60 pétt
Blágreni.	Rio Grande	890002	2/0	6600	Pakkað
Sitkabast.	Kenai	880004	3/0	4000	Pakkað
Sitkabast.	Kenai	880004	1/0	6000	FP-35
Sitkagreni	Seward	870003	3/0	5250	Pakkað
Sitkagreni	Seward	870003	2/0	7660	Pakkað
Sitkagreni	Seward	870003	1/0	8000	FP-35
Stafafura	Taraldsøy	890001	2/0	10900	Pakkað
Stafafura	Taraldsøy	900004	1/0	2500	FP-35 pétt
Stafafura	Bennet Lake	900003	1/0	9500	FP-95 pétt
Rússalerki	Imatra	900006	1/0	298000	FP-95
Rússalerki	Östeg	890031	1/0	112000	FP-95
Ejallabinur	Skagway-Tutsi	880002	2/1	2000	FP-35 pétt
		Alls:		480410	

5. AFHENDING GARDPLANTNA 1990.

TEGUND	MAGN
Alaskaösp.....	3668
Blágreni.....	374
Birki.....	428
Blæösp.....	4
Bergfura.....	16
Fjallafura.....	111
Sveigfura.....	8
Hengibjörk.....	67
Birkikvistur.....	435
Bjarkeyjarkvistur.....	34
Lágkvistur.....	22
Döglingskvistur.....	46
Garðakvistur.....	33
Perlukvistur.....	32
Rósakvistur frobelii.....	50
Rósakvistur golden flame.....	64
Snækvistur.....	22
Sunnukvistur.....	28
Stórvistur.....	18
Lindifura.....	20
Glansmispill.....	317
Igulmispill.....	2
Runnamura gul.....	162
Runnamura hvít.....	110
Runnamura skriðul.....	142
Gullrós.....	20
Ýmsar rósir.....	24
Rifs.....	230
Sólber.....	44
Stikilsber.....	20
Ambra.....	10
Blásurunni.....	7
Blóðheggur.....	15
Heggur.....	26
Reyniblaðka.....	14
Sandþyrnir.....	6
Síberíupyrnir.....	7
Dúnyllir.....	51
Síberískt baunatré.....	13

SKÓGRÆKT RÍKISINS HALLORMSSTAD							
Áætluð afhending garðplantna vor 1991							
isl. heiti	latn. heiti	kvæmi	flokkur	beð	hnaus	pott	samtals
Alaskaösp	<i>Populus trichocarpa</i>	Hall	75-100	3000			3000
Alaskaösp	<i>Populus trichocarpa</i>	Hall	101-125	3000			3000
Alaskaösp	<i>Populus trichocarpa</i>	Hall	126-150		20		20
Alaskaösp	<i>Populus trichocarpa</i>	Hall	151-175		20		20
Alaskaösp	<i>Populus trichocarpa</i>	Hall	176-200		50		50
Alaskaösp	<i>Populus trichocarpa</i>	Hall	201-225	120	150		270
Alaskaösp	<i>Populus trichocarpa</i>	Hall	226-250	50	150		200
Alaskaösp	<i>Populus trichocarpa</i>	Hall	251-275	50	150		200
Alaskaösp	<i>Populus trichocarpa</i>	Hall	276-300		150		150
Alaskaösp	<i>Populus trichocarpa</i>	Hall	skj.belt		250		250
íslenskt birki	<i>Betula pubescens</i>	Mörk-Hall	76-100				0
íslenskt birki	<i>Betula pubescens</i>	Mörk-Hall	101-125	45			45
íslenskt birki-2fl	<i>Betula pubescens</i>	Mörk-Hall	51-75	140			140
íslenskt birki-2fl	<i>Betula pubescens</i>	Mörk-Hall	76-100	150			150
íslenskt birki-2fl	<i>Betula pubescens</i>	Mörk-Hall	101-125	25			25
íslenskt birki-limg	<i>Betula pubescens</i>	Mörk-Hall	51-75	400			400
íslenskt birki-limg	<i>Betula pubescens</i>	Mörk-Hall	76-100	190			190
íslenskt birki-limg	<i>Betula pubescens</i>	Mörk-Hall	101-125	15			15
ilmreynir	<i>Sorbus aucuparia</i>		76-100		20	30	50
ilmreynir	<i>Sorbus aucuparia</i>		101-125		20		20
ilmreynir	<i>Sorbus aucuparia</i>		126-150		30		30
ilmreynir	<i>Sorbus aucuparia</i>		151-175		30		30
ilmreynir	<i>Sorbus aucuparia</i>		176-200		10		10
ilmreynir	<i>Sorbus aucuparia</i>		201-225		75		75
ilmreynir	<i>Sorbus aucuparia</i>		226-250		115		115
ilmreynir	<i>Sorbus aucuparia</i>		251-275		135		135
ilmreynir	<i>Sorbus aucuparia</i>		276-300		135		135
ilmreynir	<i>Sorbus aucuparia</i>		300-		8		8
ilmreynir	<i>Sorbus aucuparia</i>		skj.b		180		180
Gráreynir	<i>Sorbus x hybrida</i>				20		20
Selja	<i>Salix caprea</i>		75-100			15	15
							0
Alaskaviðir	<i>Salix alexensis</i>	brúnn	2ja ára	4000			4000
Alaskaviðir	<i>Salix alexensis</i>	grænn	2ja ára	2500			2500
Alaskaviðir	<i>Salix alexensis</i>	grænn	3ja ára				0
Alaskaviðir	<i>Salix alexensis</i>	S-1	2ja ára	900			900
Brekkuviðir	<i>Salix x sp.</i>		2ja ára	2000			2000
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>		2ja ára	350			350
Viðja	<i>Salix nigricans var. borealis</i>		2ja ára	2000			2000

SKÓGRÆKT RÍKISINS HALLORMSSTAD							
Áætluð afhending garðplantna vor 1991							
isl. heiti	latn. heiti	kvæmi	flokkur	beð	hnaus	pott	samtals
Blágreni	<i>Picea engelmannii</i>	30-40		20		20	
Blágreni	<i>Picea engelmannii</i>	40-60		100		100	
Blágreni	<i>Picea engelmannii</i>	60-80		100		100	
Blágreni	<i>Picea engelmannii</i>	80-100		100		100	
Blágreni	<i>Picea engelmannii</i>	100-120		10		10	
Blágreni	<i>Picea engelmannii</i>	limgerði		260		260	
							0
Sítkabastarður	<i>Picea x lutzii</i>	60-80		10		10	
Sítkabastarður	<i>Picea x lutzii</i>	80-100		10		10	
Sítkabastarður	<i>Picea x lutzii</i>	100-120		15		15	
Sítkabastarður	<i>Picea x lutzii</i>	120-140		35		35	
Sítkabastarður	<i>Picea x lutzii</i>	140-160		60		60	
Sítkabastarður	<i>Picea x lutzii</i>	limgerði		100		100	
Sítkagreni	<i>Picea sitchensis</i>	Lýsishóll	40-60		20		20
Bergfura	<i>Pinus uncinata</i>				50		50
Broddfura	<i>Pinus aristata</i>	30-40			40		40
Broddfura	<i>Pinus aristata</i>	60-100		150		150	
Broddfura	<i>Pinus aristata</i>	100-120		10		10	
Fjallafura	<i>Pinus mugo</i>	30-40			300		300
Sveigtura	<i>Pinus flexilis</i>				10		10
Birkkvistur	<i>Spiraea betulifolia</i>	1L			600		600
Bjarkeyjarkvistur	<i>Spiraea Chamaedrifolia</i>	1L			30		30
Döglingskvistur	<i>Spiraea douglasii</i>	2L			50		50
Garðakvistur	<i>Spiraea media</i>	1 L			25		25
Lágkvistur	<i>Spiraea humilis</i>	1L			15		15
Perlukvistur	<i>Spiraea x margaritae</i>	1L			5		5
Rósakvistur	<i>Spiraea x bumalda var froebelii</i>	1 L			50		50
Rósakvistur	<i>Spiraea x bumalda var. golden flame</i>	1 L			50		50
Snækvistur	<i>Spiraea x vanhouttei</i>	1L			30		30
Stórikvistur	<i>Spiraea henryi</i>	1L			50		50
Bogamispill	<i>Cotoneaster divaricatus</i>	1.5 L			20		20
Glansmispill	<i>Cotoneaster lucidus</i>	1.5 L			40		40
Glansmispill	<i>Cotoneaster lucidus</i>	2 L					0
Igulmispill	<i>Cotoneaster bullatus</i>	1L			20		20
							0

SKÓGRÆKT RÍKISINS HALLORMSSTAD							
Áætluð afhending garðplantna vor 1991							
isl. heiti	latn. heiti	kvæmi	flokkur	beð	hnaus	pott	samtals
Runnamura	Potentilla fruticosa	gul	2 L		160	160	
Runnamura	Potentilla fruticosa	hvít	1 L		160	160	
Runnamura	Potentilla fruticosa	gul skrið	1 L		150	150	
Rifs	Ribes rubrum		2 L		300	300	
Sólber	Ribes nigrum		2 L		100	100	
							0
Bogsírena	Syringa reflexa		2 L		30	30	
Garðasírena	Syringa vulgaris		1 L		15	15	
Gljásírena	Syringa josikaea		2 L		50	50	
							0
Blátóppur	Lonicera caerulea		2 L		360	360	
Dúntóppur	Lonicera xylosteum		1 L		20	20	
Rauðtóppur	Lonicera tatarica		1.5 L		10	10	
Alaskarós			2 L		10	10	
Dúnyllir	Sambucus racemosa		2 L		40	40	
Alperífs	Ribes alpinum		1 L		10	10	
Ámbra	Artemisia abrotanum		2 L		20	20	
Blásurunni	Physocarpus opulifolius		2 L		20	20	
Hafþýmir	Hippophae rhamnoides		1 L		20	20	
Heggur	Prunus padus		2 L		50	50	
Rauðblaðarós	Rosa glauca		1 L		10	10	
Reyniblaðka	Sorbaria sorbifolia		1 L		20	20	
Síberíuhýmir	Crataegus sanguinea		3.5 L		20	20	
Síb. baunatré	Caragana arborescens		2 L		30	30	